

„Fenguð þið frí af Litla-Hrauni?“

Kynþáttahyggja og fordómar í garð fólks frá Litháen í upphafi 21. aldar

Kristín Loftsdóttir,
Prófessor í mannfræði, Háskóla Íslands

Útdráttur: Upphaf 21. aldarinnar einkenndist af miklum breytingum á íslenskum vinnumarkaði þegar þensla var mikil og hann opnaðist m.a. í auknum mæli fyrir fólki frá Austur-Evrópu. Litháen varð hluti af Evrópusambandinu árið 2004 sem jók möguleika fólks frá Litháen á að starfa víðs vegar um Evrópu. Greinin byggir á viðtölum við fólk frá Litháen og reynslu þeirra af Íslandi. Í greininni eru sérstaklega skoðaðir þeir fordóma, sem þessir hópar hafa upplifað hér á landi, og spurt hvað þeir segi um kynþáttafordóma í víðu samhengi í Evrópu og Norður-Ameríku. Umræða um Litháa hér á landi er jafnframt sett í samhengi við fordóma sem Litháar hafa orðið fyrir í öðrum Evrópulöndum þar sem þeir hafa upplifað kynþáttafordóma. Í greininni er lögð áhersla á að fordómar stafi ekki eingöngu af vanþekkingu eða sé ekki bergmál eldri hugmynda heldur er þeim á virkan hátt viðhaldið eða þeir endurskapaðir í samtímanum í stefnum og áherslum stjórnvalda og annarra stofnana samfélagsins.

Lykilorð: • fordómar • kynþáttafordómar • Litháar • vinnumarkaður

Abstract: The beginning of the 21st century in Iceland's labour market underwent significant changes, where employment opportunities were plentiful. Lithuania became a part of the EU in 2004, increasing the possibilities of Lithuanians to work in different European countries. The article focuses on their experience of Lithuanians living in Iceland. The article analyses racism against Lithuanians in Iceland and what it says about racism in general in the global north. The discussion position prejudice against Lithuanians in the context of prejudice that Lithuanians have encountered in other countries, where they have also experienced racism. The article emphasizes that racism is not only the consequence of lack of knowledge or echo of the past, but are facilitated by institutional regulations and emphasis.

Keywords: • prejudice • racism • labour market • Lithuanians

Inngangur

Þegar við ræðum um andrúmsloftið á Íslandi árin fyrir hrun segir viðmælandi minn frá því að hann og félagar hans hefðu oft verið spurðir í léttum dúr hvort þeir væru nýkomnir út af Litla-Hrauni. Þessi spurning endurspeglar sýn margra Íslendinga í garð Litháa í upphafi 21. aldar. Þrátt fyrir að spurningin hefði verið sett fram á gamansaman hátt, stendur hún engu að síður í sterku samhengi við fordómafullar ímyndir fólks frá Litháen á Íslandi – ímyndum sem lýsa oft Litháum og Pólverjum sem glæpamönnum. Miklar breytingar áttu sér stað á íslenskum vinnumarkaði í byrjun nýrrar þúsaldar; þensla var mikil og atvinnumarkaður á Íslandi varð opnari fyrir fólk frá löndum Austur-Evrópu. Fólki frá þessum löndum fjölgaði á Íslandi og þar á meðal Litháum.

Í þessari grein er fjallað um reynslu Litháa, sem fluttu til Íslands í byrjun 21. aldar. Sjónum er beint sérstaklega að þeim fordómum, sem þessi hópur upplifði, og hvað þessir fordómar segja um kynþáttafordóma í stærra samhengi í Evrópu og Norður-Ameríku. Markmið greinarinnar er í raun tvíþætt: Annars vegar að fjalla um birtingarmyndir fordóma á Íslandi og hins vegar að skoða fordóma í víðara alþjóðlegu samhengi og hvernig reynslan hér á landi kemur heim og saman við fræðilega umræðu erlendis um kynþáttafordóma og stöðu einstaklinga innan Austur-Evrópu. Í greininni er undirstrikað að það er einföldun að líta á fordóma sem eingöngu vanþekkingu eða bergmál eldri hugmynda eins og oft virðist gert í daglegri umræðu um fordóma. Fordómum er viðhaldið og þeir endurskapaðir í samtímanum m.a. í stefnum og áherslum stjórnvalda og annarra stofnana samfélagsins. Í þessari grein er að mestu fjallað um reynslu Litháa hér á landi en einnig er vísað til reynslu annarra hópa sem eru flokkaðir sem Austur-Evrópubúar. Í raun er nauðsynlegt að skoða einnig reynslu annarra hópa því að hugtökin Lithái og Austur-Evrópubúi eru oft samtvinnuð og í ákveðnu samhengi er erfitt að greina á milli fordóma í garð einstaklinga út frá ólíkum þjóðernum. Pólverjar voru stærsti hópur fólks af erlendum uppruna, sem bjó á Íslandi árið 2011, eða 43%, en næst-stærsti hópurinn voru Litháar, eða 8%.

Gögn rannsóknarinnar eru fyrst og fremst viðtöl við fólk frá Litháen og Lettlandi en þó stendur rannsóknin í samhengi við aðra gagnasöfnun í tengslum við íslenska efnahagshrunið 2008 þar sem skoðuð var þjóðernisleg umræða og afmörkun „okkar“ og „hinna“ (sjá nánar umræðu í Loftsdóttir, 2019). Tekin voru viðtöl við 18 einstaklinga frá Litháen á tímabilinu 2012–2014 þar sem þeir ræddu sérstaklega um reynslu sína í tengslum við íslenska efnahagshrunið. Viðmælendur voru fundnir með snjóboltaúrtaki og með því að auglýsa eftir þeim í gegnum samskiptamiðla. Viðtölin voru greind með aðstoð *Atlas.ti* greiningarforritsins. Eftir að viðtölin höfðu verið lesin yfir voru þemu ákveðin og hvert þema svo greint. Jafnframt voru tekin viðtöl við 13 einstaklinga frá Lettlandi í tengslum við sama verkefni. Reynslan, sem þau viðtöl endurspegluðu, var stuttlega borin saman við reynslu fólks frá Litháen en hún gefur sterklega til kynna áhrif fjölmiðla á staðalmyndir.

Ég byrja á því að setja umfjöllunina í kenningarlegt samhengi og beini svo sjónum að Litháen og samhengi stórfelldra flutninga sem áttu sér stað þaðan í kjölfar þess að Litháen varð hluti af Evrópusambandinu 2004. Í framhaldinu er gerð grein fyrir upplifun Litháa af fordómum á Íslandi og hvað það segir okkur um kynþáttafordóma í víðu samhengi.

Almennt um kynþáttafordóma og aðra fordóma

Erfitt er að ná fræðilega á nákvæman hátt utan um merkingu hugtaksins kynþáttur en þó telja flestir að hugtakið megi tengja við ákveðna sýn á fjölbreytileika heimsins sem varð til í samhengi við yfirráð Evrópubúa í öðrum heimsálfum. Þessi sýn varð svo afmarkaðri og skýrari í gegnum þróun vísinda í lok 19. og 20. aldar (Harrison, 1998). Með skilning á kynþáttum sem sögulegum og félagslegum fyrirbærum er, vel að merkja, ekki leitast eftir því að gera lítið úr afleiðingum kynþáttahugsunar og fordóma á formgerðir samfélaga og daglegt líf (Dwyer og Bresse, 2008; Hartigan, 2006).

Sú staðreynd að kynþáttur sé félagslegt og sögulegt fyrirbæri þýðir jafnframt að flokkun fólks í kynþætti þarf ekki byggjast á líffræðilegum eiginleikum til að afmarka ákveðna hópa heldur felur einnig í sér vísun í félagslega og menningarlega þætti sem eru þó oft taldir samofnir líffræði (sjá t.d. Fox, Morasanu og Szilassy, 2012, bls. 681). Innan Evrópu samtímans má sjá hvernig kynþættir eru skilgreindir á ómarkvissan hátt þar sem oft er vísað til kynþáttar í tengslum við umræðu um innflytjendur og menningu eða þjóðerni þeirra (Fox o.fl., 2012, bls. 691). Þetta má líta á sem endurspeglun á breytingum á kynþáttahugtakinu eftir seinna stríð þegar tilvísun til líffræðilegra eiginleika varð í auknum mæli talin óásættanleg og því æ oftast stuðst við svokölluð menningareinkenni (Alexander og Alleyne, 2002; Bonilla–Silva, 2002). Einföld tvíhyggjuhugsun í hvíta og svarta hefur þó alls ekki horfið í samtímanum (Bonilla og Rosa, 2015; van der Pijl og Goulordava, 2014) en skarast á við eldri fordóma í garð múslima sem hafa fengið aukið vægi í umræðu samtímans um öryggisvæðingu (Alexander, 1998; Rehman, 2007, bls. 833).

Evrópskir fræðimenn benda oft á að fræðimenn, sem ganga út frá bandarískum raunveruleika, hafi verið ráðandi í rannsóknum á kynþáttafordómum en þær rannsóknir leggja iðulega sterka áherslu á sögu þrælahalds og mikilvægi andstæðnanna hvítir og svartir í mótun kynþáttahugmyndarinnar (sjá umræðu Bourdieus og Wacquants, 1999). Fyrir marga evrópska fræðimenn er þessi sýn of takmörkuð og tekur ekki nægilegt mark á túlkun á kynþáttahugmyndinni í gegnum söguna og merkingu hennar þvert á menningarheima (Ponzanesi og Blaagaard, 2011). Nýleg dæmi frá Bandaríkjunum sýna þó að þrátt fyrir að tvískipting í svarta og hvíta haldi áfram að vera mikilvæg hvað fordóma varðar, er einnig mikilvægt að skoða aðra fleti kynþáttafordóma sem skarast á við ólíka fordóma byggða á kyni og trúarbrögðum svo dæmi séu tekin (Khabeer, 2016). Síðastliðna áratugi hafa fræðimenn víða um heim lagt aukna áherslu á hugmyndir um „hvítuleika“ sem mikilvægan þátt kynþáttahugsunar og m.a. skoðað sögulega og þvermenningarlega merkingu hugmyndarinnar um að vera „hvítur“. Bandarískir fræðimenn hafa til dæmis bent á hvernig ákveðnir þjóðernishópar (etnískir hópar) í Bandaríkjunum hafa ekki allir verið hvítir á sama hátt (t.d. Jacobson, 1998). Félagsfræðingurinn Steve Garner (2007) hefur bent á hvernig tengsl við vinnuþáttinn hafa einnig haft sögulega séð áhrif á hverjir eru skilgreindir sem „hvítir“ sem endurspeglar hvort tveggja óstöðuleika „hvítuleika“ sem flokks og skörun hans við aðrar samfélagslegar breytur. Á svipaðan hátt hafa nýrri rannsóknir í Evrópu velt upp merkingu þess að vera hvítur í tengslum við búferlaflutninga fólks frá austantjaldslöndunum fyrrverandi þar sem það varð á skömmum tíma „ódyrt“ vinnuafli í Norður- og Vestur-Evrópu. Fox og meðhöfundar (2012) benda á í því samhengi hvernig fjölmiðlar geta fjarlæggt ákveðna hópa frá hvítuleika eða gert þá „hvítari“.

Það eru tveir þættir sem ég vil leggja áherslu á í tengslum við þessa umræðu mína hér á undan sem mikilvægan bakgrunnur fyrir áframhaldandi umræðu. Annars vegar þurfa kynþáttafordómar ekki að byggjast á ákveðnum útlitseinkennum heldur mótast skynjun okkar af því hvað eru kynþættir í menningarbundinni orðræðu um einkenni þeirra sem eru skilgreindir sem „við“ og þeirra sem eru skilgreindir sem „hinir.“ Þannig að þrátt fyrir að kynþáttafordómar feli í sér ómarkvissa tilvísun í flokkun fólks í aðgreinda líffræðilega kynþætti þá hefur slík flokkun alltaf verið ómarkviss og í grunninn einkennt af tvískiptingu í æðri og óæðri hópa (sjá til dæmis Grosfoguel, 2016). Í öðru lagi fela kynþáttafordómar í sér ákveðinn sögulegan og menningarbundinn skilning á heiminum sem nú hefur orðið hnattrænn. Þannig má líta á kynþáttafordóma sem fyrirbæri sem er hreyfanlegt í rými og tíma þrátt fyrir að standa í flóknum tengslum við staðbundinn skilning á veruleikanum (Kristín Loftsdóttir, 2014). Til þess að flækja hlutina enn frekar er þessi staðbundni veruleiki alltaf í „vinnslu“ eins og mannfræðingurinn Arjun Appadurai orðar það (1996), þ.e. hann er ekki til án þess sem við vísum til sem hnattræns fyrirbæris. Því má segja að á sama tíma og við getum litið á kynþáttafordóma sem hnattrænt og hreyfanlegt fyrirbæri þá fá þeir merkingu í tengslum við ákveðna sögu og samhengi sem tengist lífheimi og veruleika fólks.

Litháar á Íslandi og breyttur íslenskur vinnumarkaður

Tengsl Litháens og Íslands hófust augljóslega ekki með efnahagsútrásinni í byrjun nýrrar þúsaldar. Litháen og Ísland tengdust sögulega sem hluti af Kalmarsambandinu og verslunarneti Hansakaupmanna. Eftir sjálfstæði Litháens og annarra Eystrasaltslanda var markvisst reynt að leggja áherslu á þessa fortíð landsins, sem tengir það við önnur lönd utan Austur-Evrópu (Janauskas, 2010). Árið 1991 viðurkenndi Ísland sjálfstæði Litháens eftir að þingið í Litháen hafði lýst yfir sjálfstæði í mars árinu áður (Guðni Th. Jóhannesson, 1998). Hér á landi vakti þó sjálfstæði Litháens í sjálfu sér líklega ekki mesta athygli heldur það að Ísland hefði orðið „fyrst“ til að viðurkenna það og sú alþjóðlega athygli sem það í sjálfu sér vakti. Þetta endurspeglar áherslur sem oft má sjá á Íslandi um að vekja athygli alþjóðlega (Kristín Loftsdóttir 2019). Það voru þó, eins og Guðni Th. Jóhannesson (1998) talar um, deildar meiningar um raunveruleg áhrif þess að smáriki eins og Ísland viðurkenndi sjálfstæðið. Engu að síður hefur verið sýnilegt í íslenskri umræðu og söguskoðun hversu mikið Litháar eiga Íslendingum að þakka, eins og má sjá t.d. á ræðu á vef Stjórnarráðsins árið 2017. Þar má finna frásögn frá Össuri Skarphéðinssyni sem skrifuð var árið 2011 þegar hann var utanríkisráðherra. Í henni er sagt frá því þegar Össur afhjúpaði hinn svokallaða Íslandsskjöld í miðborg Vínús til að minnst þess að Íslendingar samþykktu ályktun sína um stuðning við sjálfstæði Litháens. Össur lýsir ræðu kollega síns, Vytautas Landsbergis um þennan atburð með eftirfarandi orðum: „Augu Landsbergis urðu rök þegar hann talaði um Jón Baldvin og Steingrím Hermannsson, að ógleymdum Jörundi Hilmarssyni sem var ræðismaður þeirra þegar mest gekk á“ (Utanríkisráðuneytið, 2011)¹. Ísland fékk svo aðild að Eystrasaltsráðinu árið 1995 en eitt markmiðið með aðildinni var að efla tengsl við lönd innan þess („Böndin treyst“, 2006).

Fyrir sjálfstæðið einkenndist Litháen, rétt eins og hin Eystrasaltslöndin, frekar af fólksflutningum til landsins heldur en frá landinu. Þangað komu sérstaklega innflytjendur frá

¹ Ræða eftir Össur Skarphéðinsson, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2011/02/19/Lithaen-og-vidurkenning-Islands/>

Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Eftir fall múrsins árið 1989 fengu Litháar aukið frelsi til að ferðast til Vesturlanda og fólksflutningar, t.d. í formi ferðamennsku, viðskipta eða vegna atvinnu, jukust (Gruzevskis, 2007). Óttinn við að hlutir færu aftur í fyrra horf og landið myndi lokast aftur var mikilvæg hvatning fyrir marga að nýta sér frelsið til að ferðast af ólíkum ástæðum (Kielyte og Kancs, 2002). Eftir 2004 urðu vinnutengdir flutningar til annarra Evrópulanda mun auðveldari þegar Litháen, ásamt nokkrum öðrum Austur-Evrópulöndum (þar á meðal Lettlandi og Póllandi), varð hluti af Evrópusambandinu. Fyrir marga í Litháen hafði möguleikinn á því að verða hluti af Evrópusambandinu eftir fall múrsins verið samofinn von um bjartari framtíð landsins og jafnframt viðurkenningu á því að Litháen væri í raun hluti af Evrópu. Inga Pavlovaite (2003) talar um að í raun, strax við sjálfstæðið, reyndu stjórnvöld í Litháen að staðsetja landið enn betur sem hluta af Evrópu. Samkvæmt Pavlovaite var litið svo á í Litháen og annars staðar meðal nýlega sjálfstæðra ríkja í Mið-Evrópu að innkoma þeirra í Evrópusambandið mundi staðsetja þau enn frekar sem hluta af nútímalegu og lýðræðislegu vestrænu ríki. Í Litháen var lögð áhersla á að landið deildi með öðrum Evrópuríkjum gildum og sögu og að mikilvægt væri þannig að Litháen færi aftur á sinn „réttu stað“ eftir það rof sem Sovét-tíminn hefði skapað (Pavlovaite, 2003, bls. 244). Eftir hrun kommúnismans hafði ímynd Litháens haldið áfram að vera neikvæð í hugum annarra Evrópubúa og almennt var litið á land og þjóð sem gamaldags og efnahagslega óstöðugt ríki (Park, 2009, bls. 20). Væntingar voru þó einnig efnahagslega, þar sem aðkoma að Evrópusambandinu þótti nauðsynleg fyrir framfarir landsins; sagði forseti landsins til dæmis að innkoma Litháens í Evrópusambandið myndi tryggja velmegun landsins í framtíðinni (Pavlovaite, 2003, bls. 244). Einnig voru vonir um að innkoma í Evrópusambandið myndi auka vægi landsins á alþjóðavettvangi og gefa því sterkari rödd þar (Pavlovaite, 2003, bls. 245). Þessi sýn á Evrópusambandið byrjaði þó að molna lítillga eftir að níunda áratugnum lauk og ljóst var að efnahagslegur ávinningur af nýju markaðskerfi var langt því frá að vera áþreifanlegur meðal allra Litháa. Skoðanakönnun sýndi þó árið 2002 að einn fimmti landsmanna var á móti inngöngu landsins að Evrópusambandinu (Pavlovaite, 2003, bls. 253). Þessar vonir, sem voru bundnar við Evrópusambandið af meirihluta landsmanna, og áhrif inngöngu í það á aukna viðurkenningu Litháens sem jafningja í samfélagi Evrópu eru nokkuð dapurlegar í ljósi þess að fyrir árið 2004 mátti strax sjá innan Evrópusambandsins sjálfs miklar áhyggjur af útvíkkun sambandsins og áhrif þess að fólk frá Mið- og Austur-Evrópu hefði aukinn aðgang að þessum hluta evrópsks vinnu- og markaðar (Kielyte og Kancs, 2002).

Samanborið við önnur Evrópulönd urðu brottflutningar frá Litháen miklir eftir að landið var samþykkt inn í Evrópusambandið og einkenndust sérstaklega af því að ungt fólk flutti í burtu (Balkyté og Tvaronavičienė, 2011). Tölur um aldur brottfluttra á tímabilinu 2004–2010 sýna að langflestir brottfluttra voru 25–29 ára og næststærsti hópurinn var 20–24 ára (Balkyté og Tvaronavičienė, 2011, bls. 137). Brottflutningur frá landinu þrefaldaðist á milli árána 2007 og 2009 og fjórfaldaðist milli árána 2009 og 2010 (Balkyté og Tvaronavičienė, 2011, bls. 136). Sumir fræðimenn hafa bent á að mjög erfitt sé að meta fjölda brottfluttra og að raunverulegar tölur séu jafnvel þrisvar sinnum hærrí en fram kemur í opinberri tölfræði (Thaut, 2009, bls. 199). Ljóst er að fyrir marga Litháa fylgdu betri aðstæður og efnahagslegt öryggi ekki í kjölfar þess að samfélagið varð að evrópsku markaðsþjóðfélagi eins og vonast hafði verið eftir. Í stað þess einkenndist tímabilið frá 1990 af mjög erfiðum efnahagslegum aðstæðum, eins og lágum launum og atvinnuleysi en einnig breytingum á eftirlaunaaldri og uppsögnum sem juku enn

frekar á óöryggi um framtíðina (Thaut, 2009, bls. 197). Samkvæmt Balkytė og Tvaronavičienė (2011) má þannig líta að fólksflutningarnir frá Litháen hafi fyrst og fremst verið af efnahagslegum og atvinnutengdum ástæðum; þ.e. voru afleiðing af atvinnuleysi og lágum launum (bls. 138) ásamt þeirri sýn að lítil framtíð væri í því að vera áfram í Litháen. Árið 2005 var gerð könnun á ástæðum flutninga frá landinu og nefndu 90% viðmælenda í könnuninni lág laun sem meginástæðu þess að þeir vildu fara frá Litháen (Thaut, 2009, bls. 203). Ótryggt atvinnuástand hefur þó síðar meir haft mikil áhrif og má í því sambandi benda á að sex árum eftir inngönguna í Evrópusambandið, árið 2010, var atvinnuleysi í Litháen með því hæsta í Evrópu eða 17,3% (sama atvinnuleysi var í nágrannaríkinu Lettlandi árið 2010) en hafði til samanburðar verið 4,3% árið 2007 (Balkytė og Tvaronavičienė, 2011, bls. 136, 138). Meðal ungs fólks var atvinnuleysið 37,6% árið 2010 (Balkytė og Tvaronavičienė, 2011, bls. 138). Balkytė og Tvaronavičienė benda einnig á að Litháar gátu fengið 6–7 sinnum hærri laun í mörgum Evrópuríkjum en þeir hefðu fengið í Litháen fyrir sömu störf og að meira en 20% landsmanna voru talin búa við fátækt árið 2009 (Balkytė og Tvaronavičienė, 2011, bls. 139). Mjög fljótlega mátti einnig sjá áhyggjur af atgervisflóttu (e. braindrain) þegar mikið af velmenntuðu fólki í Litháen flutti til útlanda (Balkytė og Tvaronavičienė, 2011). Erlendis varð ímynd brottfluttra Litháa fljótt mjög neikvæð eftir inngöngu landsins í Evrópusambandið þar sem erlendir miðlar einblíndu sterklega á glæpi í tengslum við innflytjendur frá landinu. Fréttirnar fólu m.a. í sér umfjöllun um rán og innbrot, vændishringi, peningafölsun og litháisku mafiuna (Park, 2009, bls. 75). Að sama skapi héldu fréttir um Litháen sjálft áfram að vera mjög neikvæðar alþjóðlega með áherslu á fátækt, vanþróun og ofbeldi (Park, 2009, bls. 76).

Seinasti áratugur aldarinnar þróaðist á ólíkan hátt á Íslandi og í Litháen. Frá miðjum níunda áratug síðustu aldar einkenndist efnahagskerfi Íslands einnig í auknum mæli af áherslum nýfrjálshyggju. Ísland varð hluti af Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 og af Schengen árið 2001. Mikil þensla einkenndi fyrsta áratug nýrrar þúsaldar með nægri vinnu, sérstaklega í ýmiss konar þjónustustörfum og í byggingariðnaði. Almennungur hafði gott aðgengi að fjármagni sem hvatti til aukinnar einkaneyslu en sparnaður var mjög lítill. Lántökur í erlendri mynt urðu sérlega miklar árið 2006 (Már Wolfgang Mixa og Þröstur Olaf Sigurjónsson, 2010). Eins og síðar kom í ljós með fjármálakreppunni, sem hófst árið 2008, byggði velsældin ekki á raunverulegri verðmætaaukningu en tilfinningin á þessum tíma var engu að síður sú að framtíðin væri björt og að Ísland hefði náð að auka alþjóðlegt mikilvægi sitt og orðspor. Í íslenskum fjölmiðlum mátti sjá sterka áherslu á velgengni Íslands og Íslendinga þar sem einstakir viðskiptamenn urðu holdgervingar lands og þjóðar (Kristín Loftsdóttir og Már Wolfgang Mixa, 2014). Umræðan var mjög karllæg (Þorgerður Einarsdóttir, 2010) og þjóðernisleg þar sem hún kallaðist á við stef frá sjálfstæðisbaráttu Íslendinga (Kristín Loftsdóttir, 2016b). Þessi þjóðernislega umræða er nokkuð mótsagnakennd þar sem hluti af efnahagsundrinu svokallaða var aukinn fjöldi fólks af erlendum uppruna og þar á meðal Litháar sem voru hér á tímabili þenslu, hruns og uppgangs á Íslandi. Þessi hópur útlendinga, sem vann við margvísleg störf, var þó sjaldan talinn hafa lagt eitthvað til velgengni og aukningar á hagvexti þjóðarinnar (Eiríkur Bergmann, 2007).

Ódýrt vinnuafli og reynsla Litháa af Íslandi

Fáir Litháar fluttu hingað til lands áður en Litháen varð hluti af Evrópusambandinu. Litháum fjölgaði þó nokkuð hér á landi árið 2001 en þeim fækkaði strax árið eftir. Eftir inngöngu Litháens í Evrópusambandið voru vinnutengdir flutningar til Íslands frá Litháen mun auðveldari og frá árinu 2005 fór Litháum svo fjölgandi. Stærsti hópur Litháa kom á tímabilinu 2006–2008 (Karl Sigurðsson, 2017, bls. 4–5) sem ætti ekki að koma á óvart þar sem íslenskur vinnumarkaður opnaðist árið 2006 fyrir Litháum sem höfðu gengið í Evrópusambandið tveimur árum áður (Kamarauskaite, 2012, bls. 4). Talið er að margir þeirra sem komu á þessum árum efnahagsþenslunnar hafi þó flutt burt eftir hrúnið (Karl Sigurðsson, 2017, bls. 4) en á tímabilinu 2009–2012 fækkaði í hópi karla frá Litháen en konum fór fjölgandi (Kamarauskaite, 2012, bls. 6). Í þeirri rannsókn, sem fjallað er um hér, höfðu flestir viðmælendur búið og starfað í töluvert langan tíma á Íslandi en að öðru leyti var bakgrunnur þeirra ólíkur. Margir viðmælendur í rannsókninni höfðu heimsótt landið fyrir árið 2006 og þá sumir sem ferðamenn eða au-pair-starfsmenn. Í langflestum tilfellum voru viðmælendur ekki með háskólamenntun þegar þeir fluttu til landsins en nokkrir höfðu lokið háskólaprófi eða sérhæfðri iðnmenntun eftir að þeir fluttu til landsins. Flestir unnu í láglau nastörfum en nokkrir viðmælendur voru þó í vel launuðum störfum. Viðtöl við viðmælendur sneru að fordómum að hluta til en einnig var spurt um viðhorf þeirra til Íslendinga og um áhrif hrunsins á líf þeirra. Hér dreg ég fram fyrst og fremst það sem kom fram í viðtölunum sem tengist fordómum. Viðmælendum var heitið trúnaði í viðtölunum og því bera þeir allir dulnefni hér.

Allir viðmælendurnir töluðu um neikvæða sýn Íslendinga á Litháen og tengingu við glæpi og glæpamenn. Victoria lýsti sýn Íslendinga á Litháa og Litháen með eftirfarandi orðum: „Þetta eru bara glæpamenn og [...] [maður] verður að passa sig og allt skítugt og bara allt svona „dark.“ Agne talaði á svipaðan hátt um að sýn Íslendinga á Litháen einkennist af neikvæðum staðalmyndum og vanþekkingu sem oft sé sett fram í gríni eins og að Litháar drekki svo mikið. Hún tók fram að þetta séu einnig viðhorf íslenskra vina sinna sem eru, að hennar mati, gott dæmi einmitt vegna þess að þeir séu „ekki slæmir“ heldur endurspegli einfaldlega ráðandi viðhorf. Ljóst er af viðtalinu við hana að henni fannst vinir sínir – rétt eins og aðrir Íslendingar – ekki skilja að Litháen á ríka menningarsögu og siði. Líta má svo á að áhersla Agne á menningarsöguna undirstrika það að Litháen tilheyri menningu Evrópu og tilfinninguna fyrir að viðurkenningu skorti á þeirri staðreynd. Agne talaði um að á hverjum morgni kviði hún fyrir að opna dagblöðin og lesa fréttirnar. Agne segir: „Stundum þurfti ég ekki að opna þau. Það var á forsíðunni; einhver Lithái var tekinn með eiturlyf eða eitthvað þannig.“ Í þessu samhengi talaði hún um þá hlutgervingu sem henni fannst hún verða fyrir sem Lithái. Hún útskýrði með því að vísa í sjálfa sig: „Þú hefur gert góða hluti í lífinu þínu, farið í meistaranám og staðið þig vel en á næsta andartaki ertu í sama flokki og þessi [sem er tekinn með eiturlyf].“ Annar viðmælandi, Jonas, taldi að sama skapi að fáir Litháar hafi sett óorð á alla, eða – eins og hann orðaði það – getur einn dropi af olíu eyðilagt heila fötu af smjöri. Daniel taldi að vandamálið hafi verið að á tímabili hafi margir komið frá Litháen og sumir hafi komið óorði á hina:

Þegar gullöldin gekk yfir, tímabilið 2006, 2007 og 2005, þá fengu allir vinnu, mjög fin laun, peningar komu frá hægri og vinstri, upp og niður. Alls konar fólk kom og þá líka frá Litháen. Ég get sagt að 70% af þessu fólki eru góðir starfskraftar og vilja vinna vel. Þá langar að vinna og hjálpa fjölskyldum sínum í Litháen og börnum en 10 eða 20 eru glæpamenn. Þeir koma

líka með hinum og þeir byrja að stela, að stofna til slagsmála, drekka, selja eiturlyf og allt þannig. Og þeir skapa slæmt orð á alla Litháa.

Tveir viðburðir voru oft nefndir sem mikilvægir í því að skapa enn sterkari tengsl milli þess að vera Lithái og glæpamaður. Fyrri viðburðurinn gerðist árið 2004 þegar maður frá Litháen fannst myrtur í höfninni og í ljós kom að málið var tengt eiturlyfjum og skipulagðri glæpastarfsemi í Litháen (Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, 2004). Hitt snerist um nýfætt barn en lík þess fannst í ruslagámi. Í ljós kom að móðir barnsins, sem var frá Litháen, hafði deytt það (Dómur í barnsdrápsmáli, 2012). Áhersla á þjóðerni þessara einstaklinga endurspegladi að á þessum tíma var fréttáflutningur mikill af glæpastarfsemi „útlendinga“ þar sem tekið var fram upprunaland viðkomandi einstaklinga þegar þeir voru ekki íslenskir. Greining af fréttáflutningi íslenskra miðla á tímabilinu 2006–2010 sýndi að einn þriðji af fréttum um innflytjendur á Íslandi fjallaði um glæpatengd málefni (Helga Ólafs og Malgorzata Zielinska, 2010, bls. 77). Áhersla á glæpi var sérstaklega mikil árin 2006–2007 (Anna Wojtynska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, 2011, bls. 49). Elge talaði, ásamt fleiri kvenkynsviðmælendum, um að eftir að litla barnið dó hafi hún oft fengið spurningar um hvort það sé algengt að konur í Litháen drepji barnið sitt. Kamile sagði að hún hafi ekki orðið undrandi fyrst það voru fréttir um þetta sorglega mál en svo komu fréttir „dag eftir dag eftir dag í blöðunum og ég hugsaði með mér: Ef þetta hefði verið íslensk kona þá hefði komið ein frétt.“ Egne benti á að þegar forseti Litháens kom til Íslands, sem var sama ár og barnið var myrt, var eingöngu pínulítill frétt um það í Fréttablaðinu en fullt af fréttum sem tengdu saman barnsmorðið og það að móðirin hefði verið frá Litháen. Hér má þó benda á að símakönnun, sem var gerð af Fjölmenningsarsetri árið 2011, gaf niðurstöður sem voru nokkuð ólíkar röddum minna viðmælanda. Í könnun Fjölmenningsaseturs sagðist meirihluta svarenda ekki hafa upplifað misrétti eða fordóma. Hringt var í 100 einstaklinga út frá handahófskenndu úrtaki úr símaskrá í lok árs 2011, þar sem nöfn gáfu vísbendingu um hvort um væri að ræða Litháa eða ekki (Kamarauskaite, 2012, bls. 8). Velta má fyrir sér hvort ástæðan fyrir ólíkum niðurstöðum geti verið aðferðafræðileg. Fordómar eru erfitt viðfangsefni vegna þess að þeir eru viðkvæmir í mörgum tilfellum (Hartigen, 1997; Kristín Loftsdóttir, 2012) og þannig geta viðmælendur verið tregari til að tjá fordóma, sem þeir verða fyrir, í símakönnun heldur en í viðtali. Einnig getur verið að þeir sem svöruðu símakönnunni hafi litið svo á að fyrst og fremst hafi verið spurt um fordóma á þeim tímamarki sem könnunin var gerð en í opnu viðtali hefur fólk meiri tækifæri til að velja fyrir sér fordómum í víðara samhengi. Hér skal hafa í huga að viðmælendur mínir voru ekki boðnir í viðtal til að tala sérstaklega um fordóma heldur um íslenska efnahagshrunið í víðu samhengi þannig að ólíklegt er að sérstaklega hafi þeir viðmælendur orðið fyrir valinu sem höfðu áhuga á því að tala um fordóma.

Sumir viðmælendur rannsóknarinnar tengdi ekki eingöngu neikvæð viðhorf til Litháens við birtingarmyndir þeirra í fjölmiðlum heldur einnig við hversu margir unnu í láglaunastörfum. Gabija talaði um að fordómar komi sérstaklega fram gagnvart fólki frá Austur- Evrópu vegna stöðu þess í láglaunastörfum. Hún tók sem dæmi að á hennar vinnustað, sem var mjög stór, „er rosa mikið af Pólverjum sem er að skúra. Þá fólkið heyrir tungumálið og tengir það við. Þeir tala sín á milli og fólk heyrir og þá tengja við láglaunastörf og tengja við láglaunastétt og tala niður.“ Giedrius telur á svipaðan hátt að ástæðan fyrir fordómum sé fyrst og fremst sú að Litháar koma frá landi með lága efnahagslega stöðu:

það er ástæðan [fyrir fordómum], djúpt í meðvitundinni, þú veist, þá þetta fólk kom til Íslands til þess að fá einhvern pening [...] frá löndum með lága efnahagslega stöðu. Allir vita það, allir vita af hverju þú ert hér. Þannig að þú verður sjálfkrafa bara lægri.

Eins og sjá má af fyrri umræðu voru fyrir marga viðhorf í garð Litháa samtengd viðhorfum almennt til útlendinga eða „helvítis útlendingurinn“ eins og það var oft orðað í viðtölunum. Margir viðmælendur töluðu þannig um fordóma í sinn garð sem hluta af almennum fordómum í garð útlendinga og hvernig það að vera útlendingur á Íslandi felur í sér ákveðna stimplun. Frasinn „helvítis útlendingurinn“ hefur þó ekki eingöngu verið notaður til að vísa til Litháa heldur minnst aðrir hópar fólks af erlendum uppruna einnig á hann og þar á meðal menntaðir innflytjendur eins og rannsókn Þóru Christiansen og Erlu S. Kristjánsdóttur (2016) sýnir. Í einu viðtalinu í rannsókninni, sem hér er fjallað um, sagði Arnas frá því að fljótlega eftir hrúnið hafi hann unnið sem pizza-sendill. Á þeim tíma, benti hann mér á, var mikil umræða um útlendinga sem ógn, þá sérstaklega í tengslum við sjálfstæði landsins og „útlendinga“ úti í hinum stóra heimi. Hann fór í eitt hús þar sem móðir kom til dyra með lítið barn sitt þriggja til fjögurra ára gamalt. Hann talaði þá ekki mikla íslensku og talaði við konuna á ensku. Hann sagði: „Viðbrögð barnsins voru ótrúleg. Litli stúfurinn hleypur bak við mömmu sína og segir hræddur: „Mamma mamma, útlendingur.“ Arnas hvíslaði seinustu tvö orðin til að endurskapa hughrifin, og bætti við: „Mér leið eins og ég væri skrímsli.“ Næstum allir karlmenn, sem talað var við, bæði frá Litháen og Lettlandi, og nokkrar konur notuðu frasann „helvítis útlendingurinn“ til að ná yfir viðhorf Íslendinga til fólks af erlendum uppruna. Arnas og Leva bentu þó á að þau sjálf notuðu frasann sem ákveðna leið til þess að ýta við fólki og með því móti – þegar umræður byrjuðu um hvað útlendingar væru ómögulegir á einhvern hátt, þá tækju þau undir umræðuna með þessum frasa. Leva sagði að þá áttaði fólk sig og færi að hlæja.

Í hugum margra var það að vera útlendingur vissulega neikvætt en þó skiptir máli hvaðan fólk kom. Agne talaði um að alls staðar séu útlendingar flokkaðir í ákveðna hópa. Á Íslandi sé lágt metið að vera frá Litháen, Rússlandi og Póllandi. Í raun eru allar slavneskar þjóðir, samkvæmt henni, settar mjög lágt. Ameríkanar eru frekar háir, Kanadamenn hærri og svo aðrir Norðurlandabúar. Hér útskýrði hún varðandi hana sjálfa: „Vegna þess að Litháar eru lágir í augum Íslendinga þarf maður að vinna svo mikið í því að fólk hafi hærri sýn á mann, og ef einhver skíthæll smyglar eiturfjóm, þá, púff, öll vinnan er til einskings.“ Þegar hún var spurð um aðra hópa eins og Filippseyinga og fólk frá Afríku, þá hugsaði hún sig um og sagði að það sé kannski um að ræða tvo meginflokka þar sem við værum annars vegar að tala um fólk frá Norðurlöndum, Norður-Ameríku og þýskumælandi Evrópulönd og hins vegar þá lægra settu sem væri fólk frá Asíu, Balkan og slavneskum löndum. Arnes minntist einnig á flokkun útlendinga í stigveldi en fyrir honum voru Pólverjarnir á versta stað og síðan myndu líklega Litháar, Lettar eða Rússar vera á næstversta staðnum. Fyrir honum væri betra að vera frá einhverju landi í Asíu en frá þessum fyrrnefndu löndum.

Nokkrir viðmælendur töluðu um að forðast að segja að þeir komi frá Litháen. Lucas talaði um að hann „lokaði“ fyrir mörg tækifæri með því að taka það fram og Anna útskýrði að nóg væri að segja að hún kæmi frá Litháen og þá fengi hún ekki starf. Í einu tilfelli sagði einn kvenkynsviðmælandi frá því að sonur hennar á unglingsaldri forðaðist að láta kunningja sína vita að hann kæmi frá Litháen og hefði búið til íslenska útgáfu af nafninu sínu sem hann notaði. Giedrius sagði að hann passaði sig að segja ekki hvaðan hann kæmi þegar hann hitti nýtt fólk en að hann sneri því líka stundum upp í grín og segðist vera frá Japan. Hann sagði hlæjandi:

Þú getur sagt að þú komir frá Japan og þá veit fólk að þú ert að grínast og er meira afslappað í næsta sinn þegar þú segir þeim hvaðan þú kemur. Það er betra en að segja fólki það í fyrsta skiptið [sem þú hittir það].

Eins og titill greinarinnar endurspeglar hafa fordómar ólíka áferð og birtingarmyndir. Í sumum tilfellum voru fordómar settir fram á gamansaman hátt, eins og titill greinarinnar endurspeglar, þar sem karlkynsviðmælendur urðu fyrir vinalegu spaugi sem tengdu þá við glæpi. Hið sama átti við um kvenkynsviðmælendur. Ein konan, sem vann við afgreiðslustörf, var oft spurð í gríni hvað hún kostaði og hvort hún seldi eiturylf. Lengi vel hafa fræðimenn sýnt í ólíku samhengi að ummæli, sem sett eru fram af einstaklingum á gamansaman eða góðlátlegan hátt, geta endurspeglað og verið þáttur af stærri haturfullri sýn á ákveðna hópa. Bonilla-Silva talar um að slíkt grín hafi orðið mikilvægt eftir seinna stríð sem þáttur í að viðhalda kynþáttafordómum (t.d. Bonilla-Silva, 2002). Grín er þó margþætt fyrirbæri sem má sjá á því að margir viðmælendur í þessari rannsókn notuðu einnig grín til þess að svara fordómafullum staðalmyndum. Arnas tók sem dæmi þegar frétt var um ofbeldi litháískra karla gegn eiginkonum sínum. Þá var hann spurður út í fréttina af íslenskum félaga sínum og svaraði svo til að þetta væri alsíða í Litháen. Hann sagði: „Ef Litháar svara með gríni [þ.e. slíkum fréttum], og þá með gríni, sem Íslendingar átta sig á að er grín, þá hætta þeir. Og þeir skilja við hvað er átt.“ Seinustu orð hans vísa líklega til þess að íslenskir kunningjar þeirra þurfa að horfast í augu við eigin staðalmyndir og fordóma. Á svipaðan hátt sagði Gabija að fólk hafi spurt hana eftir fikniefnasmuglið í Neskaupsstað „Hvað eruð þið bara allir í eiturylfjum?“ Ég sagði bara: „Já, já, við erum öll að borða þau.“ Þegar hún var spurð: „Svo þið gerið bara grín að svona fordómum“, svaraði hún: „Maður bara verður að gera það. Bara annars ef, annars ef að maður hlær ekki að þessu, af því að, sko, við getum ekki gert að því að það er til vont fólk.“ Leva sagði að þegar fólk spurði hvort hún þekkti einstaklingana, sem komu í fréttum vegna glæpamála, svaraði hún á gamansaman hátt: „Við vorum saman að skjóta og glæpast“ og „að sjálfsögðu erum við í sama gengi.“ Í einstaka tilfellum tók þó fólk ekki slíku gríni sem fordómum í sinn garð eins og Jonas sem hafði fengið spurningar um hvort hann væri tengdur litháísku mafíunni en vildi ekki tengja það fordómum. Hann taldi þó – eins og hinir – að mikilvægt væri að mæta slíku „gríni“ með gríni á móti.

Benda má á að fólk frá Litháen hefur brugðist á ýmsan hátt við fordómum í íslensku samfélagi. Félag Litháa á Íslandi var stofnað árið 2008 en samkvæmt frétt um stofnunina var markmið félagsins „fyrst og fremst að kynna menningu Litháa, vera talsmenn Litháa á Íslandi og bæta ímynd þeirra héraendis“ (Litháar á Íslandi, 2008). Tveimur árum síðar var svo stofnað Íþróttafélag Litháa á Íslandi sem hafði það m.a. að markmiði að bregðast við neikvæðri ímynd fólks frá Litháen. Formaður félagsins útskýrði í viðtali við Fréttablaðið að hluti af ástæðunni fyrir stofnun þess væri „allar þessar neikvæðu fréttir í blöðunum“ og að þeir vildu sýna að „við erum ekki öll slæmar manneskjur“ (Vilja bæta ímynd, 2010, bls. 1, 26). Áherslur í báðum tilfellum endurspeglar hvort tveggja: fordóma sem Litháar upplifðu á þessum tíma og hvernig fólk var virkt í að bregðast við þeim og breyta þessari ímynd.

Fordómar í garð Litháa: Umræða og samanburður

Eins og hér hefur verið sýnt endurspeglar reynsla viðmælenda rannsóknarinnar að árin fyrir hrun urðu Litháar fyrir miklum fordómum á Íslandi. Fordómar í þeirra garð sköruðust við

fordómafulla sýn á Austur-Evrópu almennt og þá sérstaklega Pólverja sem voru og eru langstærsti hópur fólks af erlendum uppruna hér á landi. Fræðafólk hefur talað um í að vestur-evrópski orðræðu hafi lengi komið fram að lítið er á Austur-Evrópubúa sem vanþróaða (Dzenovska, 2010), ekki fyllilega evrópska (Buchowski, 2006) og sem „hina“ (Kalnačs, 2016). Slík viðhorf virðast þó ekki sögulega hafa verið mikilvæg hér á landi og gefur til dæmis grein Unnar Dísar Skaptadóttur frá árinu 2004 til kynna að reynsla þeirra sem komu frá Póllandi hafi á þeim tíma verið að mörgu leyti jákvæð. Svipað sögðu þeir Litháar sem var talað við fyrir þessa rannsókn. Margir töluðu um að í upphafi nýrrar þúsaldar hafi viðhorfin til Litháa ekki verið eins neikvæð og þau urðu rétt fyrir hrun, eins og sjá má af orðum nokkurra viðmælenda sem fyrr var vísað til. Sumir töluðu um að Litháar hafi þótt „spennandi“ og þá sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar hefðu fyrstir viðurkennt sjálfstæði landsins árið 1991.

En hvað þá með kynþáttafordóma? Má líta á þau viðhorf, sem Litháar urðu fyrir, sem kynþáttafordóma? Eins og fyrr var sagt skiptir máli hvaða nálgun við notum gagnvart kynþáttafordómum og hugmyndinni um kynþætti almennt. Ef við skoðum kynþáttafordóma sögulega er ljóst að kynþáttafordómar snúa í raun ekki að fordómum í garð ákveðinna kynþátta því hugtakið „kynþáttur“ er í sjálfu sér afsprengi fordóma sem urðu til í samhengi nýlendu og heimsvaldastefnu á ákveðnum tíma. Kynþáttahyggjan skapar þannig viðfangsefnið sitt, „kynþættina“, í gegnum orðræður samhliða því að undirstrika rof milli okkar og hinna, þar sem sveiflast er á milli áherslna á menningu og líkama. Innganga Litháens og margra annarra landa Austur-Evrópu í Evrópusambandið fór saman við mikla uppbyggingu hér á landi og aukna þörf fyrir fólk í ákveðin störf (Unnur Dís Skaptadóttir, 2015, bls. 176). Í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar árið 2003 komu hingað til lands margir karlmenn frá ýmsum löndum á vegum starfsmannaleigna (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska 2019). Íslensk verkalýðsfélög tjáðu oft djúpar áhyggjur af aðbúnaði þessara einstaklinga en á þær raddir var lítið hlustað af íslenskum stjórnvöldum (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2010, bls. 228). Stjórnvöld héldu þannig í raun áfram að leggja blessun sína yfir að það væri eðlilegt á einhvern hátt að bjóða upp á annan aðbúnað fyrir erlent verkafólk sem kom í mörgum tilfellum ekki frá löndum sem áður höfðu átt sögu hér á landi. Í DV árið 2004 má til dæmis finna frétt um brot á 9 manna hópi frá Litháen þar sem fulltrúi verkalýðsfélagsins talaði um „þrælahald“ sökum þeirra margþættu svika og ofbeldis sem þessir menn urðu fyrir. Viðkomandi atvinnurekandi hafði samkvæmt fréttinni stundað þessa „iðju [...] nú um nokkuð skeið“ (Litháainnflytjandi, 2004). Eins og viðmælendur mínir bentu á var efnahagslega veik staða Litháens ásamt atvinnuleysi og lágum launum í því landi stór þáttur í því að fólk frá Litháen fór í störf sem kröfðust oft ekki mikillar sérhæfingar og voru lítills metin á þessum tíma á Íslandi. Það í sjálfu sér skapaði ákveðið valdaójafnvægi. Rannsóknir hafa sýnt að þau störf, sem fólk frá löndum Austur-Evrópu starfar við, endurspeгла ekki alltaf færni þeirra eða menntun (Parutis, 2011). Einnig er mikilvægt að tengja þessar hugmyndir umræðu á Íslandi á þeim tíma. Á tímum mikillar þenslu á Íslandi, þegar lögð var áhersla á eðlislæg einkenni Íslendinga sem eins konar ofurmenna á vettvangi viðskipta (Loftsdóttir, 2015), þá varð „Litháinn“ til, sem viðfang ákveðinnar orðræðu. Þessi „Lithái“ var samnefnari fyrir glæpi af ýmsu tagi; einhver sem var ofbeldisfullur, óheiðarlegur, hættulegur og líklegur til alls. Í sumum tilfellum mátti sjá óljósa tilvísun til ákveðinna líkama sem einkennandi fyrir þennan hóp eins og sjá mátti vísað til í orðum Victoríu þegar hún talaði um að fyrir Íslendinga sé allt svona „skítugt“ og „dark [dökkt]“ þegar hún talaði um sýn þeirra á Litháa. Orð hennar endurvörpuðu í raun hvernig hið dökka hefur lengi í

evrópskum hugarheimi verið talið vísa til þess sem er hættulegt og andstæða siðmenningar (Edensor, 2013). Eina skýra endurspeglun á hlutgervingu „Litháans“ má líklega finna í þáttaröðinni *Ófærð* sem var sýnd á Íslandi og víða um Evrópu árið 2015 við miklar vinsældir. Einn þráður í fléttu þáttanna er mansal tveggja stúlkna frá Vestur-Afríku. Sá sem sér um að flytja þær með ferju til landsins er ógeðfelldur með dökkt hárið ógreitt, illa rakaður og sódalega klæddur. Áhorfandinn kemst að því að hann er Lithái og hluti af alþjóðlegum glæpahring auk þess að hafa verið dæmdur fyrir nauðgun. Í einni senu þáttanna virðist hann nýbúinn að nauðga einni stúlkunni (sjá Kristín Loftsdóttir, Katla Kjartansdóttir og Katrín Anna Lund, 2017). Glæpamaðurinn, sem við sjáum á skjánum, virkar ekki klókur heldur frekar eins og einhvers konar meindýr. Það má velta fyrir sér hvort ástæðan fyrir því að ákveðið var að hafa manninn frá Litháen sé ekki einmitt sú að fyrir framleiðendur þáttanna þá virkaði það sjálfgefið sökum fyrri umræðu um Litháa sem hér hefur verið farið yfir. Rannsóknir erlendis frá sýna að Litháar geta oft ekki krafist þess á sama hátt og Norður-Evrópubúar að vera staðsettir innan „hvítleika“ (Evans og Piggott, 2016) sem endurspeglar óstöðuleika þess flokks og hvernig hann fær merkingu í samspili við hugmyndir um að vera „Evrópubúi.“

Bent hefur verið á að neikvæð viðhorf til Litháa sköruðust á við viðhorf til annarra sem komu frá löndum Austur-Evrópu, eins og Pólverja (sjá Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, 2011; Helga Ólafs og Malgorzata Zielińska, 2010). Þó er ekki hægt að alhæfa að þessi viðhorf tengist í öllum tilfellum fólki frá öllum Austur-Evrópulöndunum. Í tengslum við sama rannsóknarverkefni voru tekinn 13 viðtöl við einstaklinga frá Lettlandi. Rétt eins og þeir Litháar, sem var talað við, voru flestir viðmælendur í láglauastörfum og höfðu flutt til Íslands vegna vinnu. Því kom nokkuð á óvart að viðmælendurnir frá Lettlandi höfðu töluvert ólíka upplifun af Íslandi og fannst þeir almennt ekki verða fyrir neikvæðu viðhorfi. Undantekningin frá þessu var, samkvæmt flestum viðmælendum, ef fólk taldi að þeir væru frá Litháen eða Póllandi (sjá umfjöllun Kristínar Loftsdóttur, 2017). Einn viðmælendinn, Ivars, sagði til dæmis, „Það fyrsta sem þeir [Íslendingarnir] segja er: „Ertu frá Póllandi? og ég segi: Nei, ég er frá Lettlandi. Og þeir segja: Ó, [frá] Litháen. [Ég segi:] Nei, Lettlandi. [Þeir:] Ó, Lettlandi! Allt í lagi það er mjög gott.“ Nokkuð erfitt er að útskýra þennan mun. Lettland er Eystrasaltsland eins og Litháen sem fékk aðgang að vinnumarkaði Evrópusambandsins á svipuðum tíma og þar voru fólksflutningar einnig viðamiklir. Velta má fyrir sér hvort hér hafi mikill og virkur fréttáflutningur af glæpum, sem tengdir voru Litháum, haft mikið að segja.

Umræðan um Litháa á Íslandi dregur upp skörp skil á milli „okkar“ og „hinna“, eins og fyrr var sagt og endurspeglar ákveðna þjóðernislega umræðu þar sem dregin eru skýr skil á milli þjóðarinnar og útlendinga sem er mikilvægt stef í gegnum margvíslegar umræður á Íslandi (Guðmundur Hálfðánarson, 2009; Kristín Loftsdóttir, 2016a). Hluti af spurningunum fjölluðu um áhrif efnahagshrunsins árið 2008 en þar kom nokkuð á óvart að flestir viðmælendur töldu ekki að fordómar í garð þeirra hefðu aukist eftir hrúnið þrátt fyrir að fræðimenn hafi bent á að þjóðernishyggja hafi verið mjög sterk á Íslandi árin eftir hrún (Eiríkur Bergmann, 2009; Guðmundur Hálfðánarson, 2009; Kristín Loftsdóttir, 2016a). Fordómar eins og viðmælendur mínir lýstu, endurspeglar margs konar útilokun frá íslensku samfélagi. Þó má velta fyrir sér hvort þjóðernisleg umræða virki alltaf útilokandi fyrir innflytjendur. Þegar viðtölin beindust að hrúninu og stöðu Íslands alþjóðlega eftir hrún virtust margir finna fyrir samsömun með þjóðerniskennð Íslendinga á þeim tíma. Þetta mátti sérstaklega sjá á því hvernig orðaval fólks

breyttist frá því að nota hugtakið „þið“, þegar talað var um Íslendinga sem einn hóp, yfir í að nota hugtakið „við.“ Þetta einkenndi til dæmis umræðu um svokallaða Icesave-deilu sem var milliríkjadeila í kjölfar gjaldþrots netbankans Icesave (sem var hluti af Landsbankanum) og stóð á milli Íslands og Bretlands annars vegar og Hollands og Íslands hins vegar. Sumir viðmælendur mínir höfðu lítið fylgst með þessari deilu en þeir viðmælendur, sem höfðu fylgst með þeirri umræðu, höfðu mjög sterkar skoðanir sérstaklega á framgöngu Breta og voru stoltir af ákveðni Íslendinga varðandi það að borga ekki (Kristín Loftsdóttir 2019). Leva talaði um að það hafi verið „magnað“ að Íslendingar hafi neitað að borga fyrir Icesave og setti baráttu Íslands gegn Bretum í samhengi við baráttu Litháens gegn Rússlandi. Eins og fyrr var gefið til kynna tengdist umræðan á Íslandi um Icesave mjög hugmyndum um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og hið sama var uppi á teningnum fyrir viðmælendur mína. Hér verður því sú sterka þjóðernishyggja, sem skapaðist á Íslandi í tengslum við Icesave eftir hrun, vettvangur samsömunar fyrir suma viðmælendurna. Hér ber að minna á að reynsla fólks og samsömun er margþætt og flókin og getur jafnvel verið þversagnakennd.

Niðurstöður

Þessi rannsókn gefur til kynna hversu hreyfanlegir kynþáttafordómar eru. Á ákveðnum tíma í sögu Íslands var sótt í fordómafullar ímyndir sem lengi höfðu verið til staðar um Litháen og slavneskar þjóðir sem á einhvern hátt ófullkomna Evrópubúa, sem óæðri á einhver hátt. Ég er ekki að halda því fram að hér á landi hafi þessar hugmyndir verið vel formaðar eða stöðugar heldur virðast þær hafa orðið merkingarbærar á Íslandi á ákveðnum tíma þegar Litháar voru í lágt launuðum störfum og þurftu oft – eins og aðrir sem komu vegna vinnutengdra flutninga – að sætta sig við lélegt húsnæði. Þessir fordómar voru ekki bergmál af eldri hugmyndum sem lengi höfðu átt sér stað á Íslandi heldur virðast þeir ekki hafa verið hluti af íslenskum hugarheimi. Þegar slíkir fordómar urðu merkingarbærir í andrúmslofti þjóðarhroka og erfiðri stöðu Litháa á íslenskum vinnumarkaði urðu þeir mikilvægir í að móta hversdagslegar hugmyndir um hvað fælist í að vera Lithái.

Þakkir

Þessi grein er hluti af sérhefti Íslenska Þjóðfélagsins um vinnutengda flutninga og íslenskan vinnumarkað. Heftið er unnið í tengslum við öndvegisverkefnið Hreyfanleiki og þverþjóðlegt Ísland (Mobilities and Transnational Iceland) sem var styrkt af Rannís 2016-2018 og eru höfundar allir þátttakendur í því.

Heimildir

- Alexander, C. (1998). Re-imagining the Muslim community. *Innovation: The European Journal of Social Science Research*, 11(4), 439–450. doi:10.1080/13511610.1998.9968581
- Alexander, C. og Alleyne, B. (2002). Introduction: Framing difference: Racial and ethnic studies in twenty-first-century Britain. *Ethnic and Racial Studies*, 25(4), 541–551. doi:10.1080/01419870220136628
- Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólaf. (2011). *The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession: Report from the Research Project*. Reykjavík: Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland.

- Appadurai, A. (1996). *Modernity at large: Cultural dimension of globalization*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Balkytė, A. og Tvaronavičienė, M. (2011). The role of migration for sustainable developing -economy: Lithuania in the EU context. *Journal of Security and Sustainability Issues*, 1(2), 133–145. doi:10.9770/jssi.2011.1.2(6)
- Bonilla, Y. og Rosa, J. (2015). # Ferguson: Digital protest, hashtag ethnography, and the racial politics of social media in the United States. *American Ethnologist*, 42(1), 4–17. doi:10.1111/amet.12112
- Bonilla-Silva, E. (2002). The linguistics of color blind racism: How to talk nasty about blacks without sounding “racist”. *Critical Sociology*, 28(1–2), 41–64. doi:10.1177/08969205020280010501
- Bourdieu, P. og Wacquant, L. (1999). On the cunning of imperialist reason. *Theory, Culture and Society*, 16(1), 41–58. doi:10.1177/026327699016001003
- Buchowski, M. (2006). Social thought and commentary: The specter of orientalism in Europe: From exotic other to stigmatized brother. *Anthropological Quarterly*, 79(3), 463–482.
- Böndin treyst milli N-Evrópuþjóða. (2006, 10. júní). *Fréttablaðið*, bls. 30.
- Dómur í barnsdrápsmáli í dag. (2012, 29. nóvember). *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/11/29/domur_i_barnsdrapsmali_i_dag/
- Dwyer, C. og Bressey, C. (2008). Introduction: Island geographies: New geographies of race and racism. Í C. Dwyer og C. Bressey (ritstjórar), *New geographies of race and racism* (bls. 1–13). Aldershot: Ashgate.
- Dzenovska, D. (2010). Public reason and the limits of liberal antiracism in Latvia. *Ethnos*, 75(4), 496–525. doi:10.1080/00141844.2010.535125
- Edensor, T. (2015). The gloomy city: Rethinking the relationship between light and dark. *Urban Studies* 52(3): 422–438. doi:10.1177/0042098013504009
- Eiríkur Bergmann. (2007). *Opið land: Ísland í samfélagi þjóðanna*. Reykjavík: Skrudda.
- Eiríkur Bergmann. (2009). Sense of sovereignty: How national sentiments have influenced Iceland’s European policy. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2(5), 203–223. doi:10.13177/irpa.a.2009.5.2.1
- Evans, A. B. og Piggott, D. (2016). Shooting for Lithuania: Migration, national identity and men’s basketball in the east of England. *Sociology of Sport Journal*, 33(1), 26–38. doi:10.1123/ssj.2015-0028
- Fox, J. E., Moraşanu, L. og Szilassy, E. (2012). The racialization of the new European migration to the UK. *Sociology*, 46(4), 680–695. doi:10.1177/0038038511425558
- Garner, S. (2007). Atlantic crossing. Whiteness as transatlantic experience. *Atlantic Studies*, 4(1), 117–132.
- Grosfoguel, R. (2016). What is racism? *Journal of World-Systems Research*, 22(1), 9–15. doi:10.5195/jwsr.2016.609
- Gruzevskis, B. (2007). *Labour migration in Lithuania*. Vilnius: Institute of labour and social research.
- Guðmundur Hálfðánarsson. (2009). Hver erum við? Um „okkur“, „hin“, Icesave og ábyrgð þjóðar. *Saga*, XLVII(2), 158–174.
- Guðni Th. Jóhannesson. (1998). Skiptum við máli? Ísland og Eystrasaltsríkin, 1990–1991. *Sögubing 1997 II* (bls. 185–192). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag.
- Harrison, F. (1998). Introduction: Expanding the discourse on ‘race’. *American Anthropologist*, 100(3), 609–631. doi:10.1525/aa.1998.100.3.609
- Hartigan, J. (1997). Establishing the fact of whiteness. *American Anthropologist*, 99(3), 495–505. doi:10.1525/aa.1997.99.3.495

- Helga Ólafs og Malgorzata Zielińska. (2010). "I started to feel worse when I understood more": Polish immigrants and the Icelandic media. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 76–85). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hjalti Jóhannesson (ritsjóri), Enok Jóhannsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Valtýr Sigurbjarnarson. (2010). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 9*. Lokaskýrsla: Stöðulýsing í árslok 2008 og samantekt yfir helstu áhrif 2002–2008. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands, Þróunarfélag Austurlands, Byggðastofnun og iðnaðarráðuneytið.
- Hjördís Rut Sigurjónsdóttir. (2004, 2. maí). Tilviljun að málið komst upp. *Fréttablaðið*, bls. 22. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3723598.
- Jacobson, M. (1998). *Whiteness of a different color: European immigration and the alchemy of race*. Harvard: Harvard University Press.
- Janauskas, G. (2010). New structures, changing identities: The concepts of the Baltic Sea region. *Asia Europe Journal*, 8(3), 339–345. doi:10.1007/s10308-010-0274-7
- Kalnačs, B. (2016). Comparing colonial differences: Baltic literary cultures as agencies of Europe's internal other. *Journal of Baltic Studies*, 47(1), 15–30. doi:10.1080/01629778.2015.1103514.
- Kamarauskaite, A. (2012). *Niðurstöður könnunar um Litháa á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningarsetur.
- Karl Sigurðsson. (2017). Litháar á Íslandi: Staða á vinnumarkaði, nýting hæfni og menntunar á vinnumarkaði, búferlaflutningar auk fleiri þátta. Reykjavík: Háskólasetur Vestfjarða, velferðarráðuneytið. <https://www.vinnumalastofnun.is/media/1934/skyrsla-lithaar-a-isl-vinnumarkadi-til-prent-endanlegt.pdf>
- Khabeer, S. A. (2016). *Muslim cool: Race, religion and hip hop in the United States*. New York: New York University Press.
- Kielyte, J. og Kancs, D. A. (2002). Migration in the enlarged European Union: Empirical evidence for labour mobility in the Baltic states. *Journal of Baltic Studies*, 33(3), 259–279. doi:10.1080/01629770200000091
- Kristín Loftsdóttir. (2012). 'The white flesh of a fish': Reflections about whiteness and methodologies. *Graduate Journal of Social Science*, 9(1), 84–95.
- Kristín Loftsdóttir. (2014). Within a white affective space: Racialization in Iceland and development discourse. *Social Identities*, 20(6):452–470. doi:10.1080/13504630.2015.1004996
- Kristín Loftsdóttir. (2016a). Building on Iceland's "good reputation": Icesave, crisis and affective national identities. *Ethnos* 81(2), 338–363. doi:10.1080/00141844.2014.931327
- Kristín Loftsdóttir. (2016b). 'The Danes don't get this': The economic crash and Icelandic postcolonial engagements. *National Identities*, 18(1), 35–51. doi:10.1080/14608944.2016.1095491
- Kristín Loftsdóttir, Katla Kjartansdóttir og Katrín Anna Lund. (2017). Trapped in clichés: Masculinity, films and tourism in Iceland. *Gender, Place and Culture*, 24(9), 1225–1242. doi:10.1080/0966369X.2017.1372383
- Kristín Loftsdóttir (2019) *Crisis and coloniality at Europe's margins: Creating exotic Iceland*. London: Routledge.
- Kristín Loftsdóttir og Már Wolfgang Mixa. (2014). Bankar í ljóma þjóðernishyggju: Efnahagshrunið, hnattvæðing og menning. *Skírnir*, haust, 91–115.
- Litháainnflytjandi sakaður um ofbeldi og þrælahald. (2004, 16. desember). *DV*, bls. 8.
- Litháar á Íslandi stofna með sér félag. (2008, 15. maí). *Vísir*. Sótt af <http://visir.staging.is/g/2008161767532/lithaar-a-islandi-stofna-med-ser-felag>

- Már Wolfgang Mixa og Þröstur Olaf Sigurjónsson. (2010). Áfram á rauðu ljósi: Fjármálahrunið á Íslandi og reynsla Norðurlandanna. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 7(1), 21–40. doi:10.24122/tve.a.2010.7.1.2
- Park, A. (2009). ‘Selling’ a small state to the world: Lithuania’s struggle in building its national image. *Place Branding and Public Diplomacy*, 5(1), 67–84.
- Parutis, V. (2011). “Economic migrants” or “middling transnationals”? East European migrants’ experiences of work in the UK. *International Migration*, 52(1), 36–55. doi:10.1111/j.1468-2435.2010.00677.x
- Pavlovaite, I. (2003). Being European by joining Europe: Accession and identity politics in Lithuania. *Cambridge Review of International Affairs*, 16(2), 239–255. doi:10.1080/095575703020248
- Ponzanesi, S. og Blaagaard, B. B. (2011). In the name of Europe. *Social Identities*, 17(1), 1–10. doi:10.1080/13504630.2011.531901
- Rehman, J. (2007). Islam, “War on Terror” and the future of muslim minorities in the United Kingdom: Dilemmas of multiculturalism in the aftermath of the London bombings. *Human Rights Quarterly*, 29 (4), 831–878.
- Thaut, L. (2009). EU integration and emigration consequences: The case of Lithuania. *International Migration*, 47(1), 191–233. doi:10.1111/j.1468-2435.2008.00501.x
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2015). What happened to the migrant workers? Í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstjórar), *Gambling debt: Iceland’s rise and fall in the global economy* (bls. 175–186). Boulder: University Press of Colorado
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Mobilites and cultural difference: Immigrant’s experiences in Iceland. Í Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Topographies of globalization: Politics, culture, language* (bls. 133–149). Reykjavík: University of Iceland.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður, hrakvinna og innflytjendur. Þemahefti: Íslenskur vinnumarkaður – Erlent starfsfólk. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 14–28.
- Utanríkisráðuneytið. (2011). Litháen og viðurkenning Íslands. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2011/02/19/Lithaen-og-vidurkenning-Islands/>
- Van Der Pijl, Y. og Goulordava, K. (2014). Black Pete, “smug ignorance,” and the value of the black body in postcolonial Netherlands. *New West Indian Guide/Nieuwe West-Indische Gids*, 88(3–4), 262–291. doi:10.1163/22134360-08803062
- Vilja bæta ímynd innflytjenda: Litháar stofna íþróttafélag. (2010, 18. janúar). *Fréttablaðið*, bls. 1 og 26.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar. *Íslenska þjóðfélagið*, 1(1), 27–48.
- Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7(1), 5–22.

Um höfund

Kristín Loftsdóttir (kristinl@hi.is) er prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá University of Arizona árið 2000. Kristín hefur m.a. rannsakað fólkflutninga, kynþáttafordóma, þjóðernislegar sjálfsmyndir og kreppu-umræður. Hún hefur unnið rannsóknir

sínar á Íslandi, Belgíu og í Níger í Vestur Afríku. Nýjasta bók Kristínar, „Crisis and Coloniality at Europe’s Margins: Creating Exotic Iceland,“ var gefin út af Routledge árið 2019.